

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

3. stjórnarfundur L.H. haldinn í Bændahöllinni 15. janúar 1991 kl. 15.00.

Mættir: Kári Arnórsson, Gunnar B. Gunnarsson, Guðmundur Jónsson, Skúli Kristjónsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Ingimar Ingimarsson, Kristmundur Halldórsson, Sigbjörn Björnsson, Sigfús Guðmundsson, Elísabet Þórólfssdóttir og Hjalti Pálsson.

1. Reiðhöllin. Hún hefur verið tekin á leigu til eins árs af Reiðskólanum h.f. Jón Albert Sigurbjörnsson hefur verið ráðinn forstöðumaður. Taldi formaður að reksturinn væri í góðum höndum hjá honum, og greindi frá nokkrum atriðum, sem þar eru á döfinni. Þá greindi formaður frá því að hann hygðist hætta sem stjórnarfomaður í Reiðskólanum h.f. enda taldi hann málið komið á góðan rekspöl og eðlilegt að fulltrúar hluthafa skiptust á um betta starf. Þá bar hann fram tillögu um að Kristmundur Halldórsson verði varamaður í framkvæmdastjórn Reiðskólans og var það samþykkt.
2. Gerður hefur verið samningur við Bergvík h.f. um vinnslu og dreifingu eldri mynda og var hann kynntur.
3. Formaður gat um að hefja þyrfti undirbúning að fjórðungsmóti á Vesturlandi 1992. Þarf að skrifa þeim félögum bréf, sem barna eiga hlut að máli og koma á fundi með þeim. Verður fundinn staður og stund til þess.
4. Ákveða þarf landsmótsstað fyrir lok júní á árinu '91. Kom fram, að þegar hefur komið umsókn eða boð um að mótið verði haldið á svæði Fáks. Formaður greindi frá því, að haft yrði samband við formenn félaga á Suðurlandi og á Reykjavíkur-svæði um framvindu málsins.
5. Formaður kynnti nokkur bréf sem borist hafa þ.e. frá Fáki, Guðbrandi Kjartanssoni, Guðbjörnu Kristinsdóttur og Dóm-aráféluginu.
6. Stigunarkvarði kynbótahrossa. Skúli hafði framsögu um málið. Útskýrði hann ýmiss atriði fyrir fundarmönnum og gat þess jafnframt að hann fagnaði þeirri vinnu, sem barna hefur farið fram. Síðan voru umræður: Sigfús taldi kvarðann gott mál, en taldi að orðaval ætti að vera hnitiðaðra. Hann taldi að brýnt væri að gefa þett út sem fyrst. Halldór vildi taka undir orð Sigfúsar varðandi kvarða fyrir gangtegundir, og bentu þeir báðir á kjarnyrtan dómskvarða fyrir gæðinga, svo töldu þeir að þetta ætti að færast nær hvað öðru.

Ingimar Ingimarsson ræddi um einkunn fyrir vilja og geðslag og kom fram í hans máli að góður vilji og geðslag er það sem ræður úrslitum um það hvað hrossið skilar á gangi og gæti verið, að þá hægt væri að sleppa þessum einkunnum án þess að tjón hlytist af.

Jón Bergsson tók í sama streng.

Kári nefndi að ýmsir sem hlut eiga að máli hafa rætt nokkuð um samræmingu á hæfileikadómum, m.a. ráðunautar, dómarar og fleiri.

Guðmundur ræddi málið einnig.

Sigfús tók undir það sem menn höfðu sagt og ræddi nokkuð um viljaeinkunn og mat á henni og gerði fyrirvara um að fara að hætta að dæma vilja. Þá gat hann um dómara sem störfuðu sér og taldi hann slíkt hefði oft reynst vel erlendis.

Sigbjörn spurði um hugmyndir um myndatöku og áfrýjun dóma. Skúli ræddi um það sem fram hafði komið, einkum um dóma fyrir vilja, geðslag o.fl.

Jón Bergsson ræddi um aðskilnað dómara og skýrði sitt sjónarmið varðandi þetta, en hann telur það til bóta að fara svona að.

7. Dómarafélagið hefur sótt um styrk til að gera kennslumyndefni til að nota á námskeiðum. Formaður taldi að hentugt væri að B.Í. kæmi inn í þetta mál. Samþykkt að styrkja þá til þessa starfs, enda er talið að þetta yrði til bóta.
Þá var samþykkt að fela féluginu að standa fyrir dómaranámskeiðum eftir nánara umtali.
Skúli ræddi um gæðingadóma og kynbótadóma og ýmislegt í því sambandi.
Nokkrar umræður urðu um mál tengd ýmsum dómum.
8. Rætt um þingsályktunartillögu um könnun á því hvernig ísl. hestar eiga að vera. Nokkrar umræður urðu um þetta mál.
Ákveðið var að senda stjórnum hestamannafélaganna í L.H. bréf þess efnis að gefa félagsmeðlimum (tilteknim hópi manna) kost á að lýsa því hvernig íslenski gæðingurinn verði best ræktaður. Gögnum þessum verði safnað saman og send skrifstofu L.H. til frekari úrvinnslu.
9. Umræða um ráðstefnu um stórmótahald sem samþykkt var á síðasta L.H. þingi að haldin yrði. Fundurinn ákvað að þessi ráðstefna verði haldin í mars, dagsetning ákveðin síðar og félögin eigi kost á að senda 1-2 fulltrúa hvert um sig.
10. Tilnefndur fulltrúi frá L.H. í nefnd sem starfar á vegum B.Í. er vinnur við ættbókarfærslur stóhesta, blóðprófanir, og frostmerkingar. Stjórnin tilnefndi Sigbjörn Björnsson sem sinn fulltrúa í nefndina.
11. Formaður L.H. fjallaði um blaðið Hesturinn okkar. Kom fram hjá formanni að Þráinn Bertelsson sem hefur séð um útgáfu blaðsins samkvæmt samningi við L.H. er á förum úr landinu og hefur sagt upp nefndum samningi.

Töluverðar umræður urðu um blaðaútgáfu L.H. þ.e.a.s. Hestinn okkar. Komu fram rök með og móti því að gefa út blaðið. Varðandi útgáfu Hestsins okkar áfram hefur verið gerður samningur við Gunnar Gunnarsson til að sjá um útgáfuna til ársloka 1991.

12. Gunnar B. Gunnarsson fjallaði um reiðvegafé það sem var úthlutað fyrir árið 1990. Félögin á stór-Reykavíkursvæðinu hafa enn ekki nýtt sinn hluta þessa fjár og telja sig eiga hjá Vegagerðinni kr. 213.000.-
Dæmi eru til um að reiðvegafé hafi verið notað til annarra verkefna en í reiðvegi. Mál manna á fundinum féllu í þann farveg að meira eftirlit væri haft með hvernig þessum fjármunum sé varið. Á þetta við um stjórn L.H. og Vegagerðina. Fastar reglur verður að setja um samstarf Vegagerðarinnar og stjórnar L.H. í þessu máli.

Fundi slitið

Halldór Gunnarsson
Kári Arnórsson
Gunnar B. Gunnarsson
Sigbjörn Björnsson
Jón Bergsson
Ingimar Ingimarsson.

Skúli Ögm. Kristjónsson.
Sigfús Guðmundsson
Kristmundur Halldórsson
Elísabet Þóra Þórólfssdóttir.